

## Símareglur Hraunvallaskóla

Hraunvallaskóli er símalaus skóli. Mælt er til þess að nemendur komi ekki með síma í skólann. Eftirfarandi reglur gilda um símanotkun í Hraunvallaskóla:

### Nemendur

- Ef nemandi kemur með símann í skólann skal vera slökkt á honum (hljóðlaus og án titrings) og hann geymdur ofan í tösku eða læstum skáp nemanda.
- Sími er bannaður á öllum svæðum skólans og gildir það hvort sem um er að ræða kennslustundir, frímínútur, hádegi, vettvangsferðir, skólaferðalög, á leið í og úr íþróttum/sundi, íþróttahús, sundlaug, salerni eða fyrir fyrsta tíma að morgni.
- Símanotkun nemenda er alltaf á ábyrgð foreldra/forsjáraðila.

Fari nemandi ekki eftir fyrirætlum varðandi símanotkun hefst eftirfarandi ferli:

- Nemandi fær skráningu í dagbók í Mentor – “(númer) Brot á símareglu”.
- Þegar nemandi er kominn með **3 skráningar** „Brot á símareglu“ í Mentor er haft samband heim og fundin lausn með foreldrum/forsjáraðilum.
- Ef ekki næst árangur og nemandi virðir áfram ekki símareglur (samtsals 5 skráningar) er boðað til fundar með foreldrum/forsjáraðilum og gerð áætlun til úrbóta sem gæti verið eftirfarandi:
  - Samningur við nemanda, forréttindamissir o.þ.h.
  - Foreldrar/forsjáraðilar sækja símann í skólann.
  - Nemandi komi ekki með símann í skólann í ákv. tíma sem væri á ábyrgð foreldra/forsjáraðila.
  - Nemandi geymi símann á skrifstofu skólans á skólatíma á ákv. tímabili.
  - Annað.



### Starfsmenn

- Starfsmenn eru fyrirmyndir nemenda og fylgja símareglum skólans.
- Persónuleg símanotkun er óheimil á fundum, í kennslustundum og við gæslu eða önnur störf starfsmanns nema í neyðartilvikum eða vegna starfstengdra erinda.

### Foreldrar/forsjáraðilar og gestir

- Þar sem Hraunvallaskóli er símalaus skóli förum við þess á leit við forsjáraðila/gesti að þeir hafi ekki síma uppi við í húsnæði skólans.